



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 23. september 2018
VEL2018080025
337. fundur
ASA/jvp

Lagt fyrir fund velferðarráðs 25. september 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Gjaldskrá 2019 - greiðslur til stuðningsfjölskyldna

Forsaga:

Á 335. fundi velferðarráðs þann 17. ágúst 2018 var lögð fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð felur velferðarsviði að undirbúa tillögu vegna hækkunar fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2019 samhliða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar. Velferðarsviði er einnig falið að greina kostnað við að hækka upphæð fjárhagsaðstoðar til samræmis við hækkun launavísitölu, í samræmi við hækkun bóta almannatrygginga og forsendur fjárhagsáætlunar. Velferðarsviði er einnig falið að reikna kostnað við að hækka gjaldskrá vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna samkvæmt þeim launaforsendum sem verða á fjárhagsramma velferðarsviðs um hver áramót.

Til umfjöllunar í þessu minnisblaði er greining á hækkun á greiðslu til stuðningsfjölskyldna samkvæmt launaforsendum á fjárhagsramma velferðarsviðs.

Greinargerð:

Í drögum að gjaldskrá 2019 sem lögð var fyrir velferðarráð þann 17. ágúst sl. var miðað við 2,9% hækkun á greiðslum til stuðningsfjölskyldna í samræmi við verðlagsforsendu fjárhagsáætlunar velferðarsviðs árið 2019.

Ef hækkun á greiðslu til stuðningsfjölskyldna miðar þess í stað við launaforsendu fjárhagsramma velferðarsviðs árið 2019 yrði hækkun um 1,2% í stað 2,9%. Launaforsenda í fjárhagsramma tekur tillit til þekktra breytinga á kjarasamningum á næsta ári. Kjarasamningar eru hins vegar flestir lausir þá og miðar launaforsenda þannig aðeins við kostnaðarauka síðustu hækkunar launatöflu þann 1. júní 2018, en sú hækkun mun þá gilda allt árið 2019. Gert er ráð fyrir því að fjárhagsrammi velferðarsviðs verði leiðréttur þegar niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir á næsta ári.

Áætlun 2019 vegna greiðslna til stuðningsfjölskyldna er um 192 mkr. Ef hækkun gjaldskrá væri í takt við þróun launavísitölu sl. 12 mánuði, í stað þess að miða við þá launaforsendu sem rammi velferðarsviðs gerir ráð fyrir, myndu greiðslur hækka um 6%. Ef hækkun greiðslna yrði 6% í samræmi við þróun launavísitölu í stað 2,9% samkvæmt verðlagsforsendum fjárhagsáætlunar yrði kostnaðarauki um 6 mkr. árið 2019.

Kostnaðarmat:

Heildaráætlun á greiðslum til stuðningsfjölskyldna árið 2019 er um 192 mkr. Í áætlun 2019 er gert ráð fyrir 2,9% hækkun í samræmi við verðlagsforsendur.

Ef hins vegar er gert ráð fyrir hækkun í samræmi við launaforsendur 1,2% myndi kostnaður lækka. Óvissa er um niðurstöður kjarasamninga á næsta ári og myndi kostnaður hækka í samræmi við þær niðurstöður ef greiðsla til stuðningsfjölskyldna tæki mið af launaforsendum í áætlun velferðarsviðs.

Ef miðað væri við þróun launa sl. 12 mánaða samkvæmt launavísitölu yrði hækkun um 6%. Kostnaðarauki vegna hækkunar um 6% í stað 2,9% er metinn um 6 mkr. á árinu 2019.

Tafla 1. Breyting á gjaldskrá í samræmi við mismunandi forsendur.

A. Miðað við verðlagsforsendu í fjárhagsáætlun velferðarsviðs 2,9%

	2019	2018	
Lýsing	Verð	Verð var	Hækkun
Greiðslur á sólarhring	21.130	20.535	2,9%
Álagsgjald	27.430	26.660	2,9%
Sérstakt álagsgjald	38.990	37.895	2,9%
Stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga			
Umönnunarflokkur 1	37.770	36.710	2,9%
Umönnunarflokkur 2	29.230	28.410	2,9%
Umönnunarflokkur 3	22.505	21.875	2,9%

B. Miðað við launaforsendur í fjárhagsáætlun velferðarsviðs 1,2%*

	2019	2018	
Lýsing	Verð	Verð var	Hækkun
Greiðslur á sólarhring	20.785	20.535	1,2%
Álagsgjald	26.985	26.660	1,2%
Sérstakt álagsgjald	38.360	37.895	1,2%
Stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga			
Umönnunarflokkur 1	37.160	36.710	1,2%
Umönnunarflokkur 2	28.755	28.410	1,2%
Umönnunarflokkur 3	22.140	21.875	1,2%

*Launaforsenda miðar við þekktar breytingar í kjarasamningum. Þar sem kjarasamningar eru lausir á næsta ári munu launaforsendur verða leiðréttar síðar í samræmi við niðurstöðu kjarasamninga. Launaforsenda nú tekur þannig aðeins tillit til 3% hækkun launatöflu frá 1. júní 2018 þ.e. að sú hækkun muni gilda allt árið 2019.

C. Miðað við þróun launavísitölu sl. 12 mánuði 6%*

	2019	2018	
Lýsing	Verð	Verð var	Hækkun
Greiðslur á sólarhring	21.765	20.535	6,0%
Álagsgjald	28.260	26.660	6,0%
Sérstakt álagsgjald	40.170	37.895	6,0%
Stuðningsfjölskyldur fatlaðra einstaklinga			
Umönnunarflokkur 1	38.915	36.710	6,0%
Umönnunarflokkur 2	30.115	28.410	6,0%
Umönnunarflokkur 3	23.190	21.875	6,0%

*Miðað við þróun launavísitölu á nýjasta 12 mán. tímabili sem liggur fyrir hjá hagstofu (grunnur 1989, ágúst 2017 til ágúst 2018, hagstofa.is). Vísitala fer úr 625,2 stigum í 662,8.

Niðurstaða:

Í drögum að hækkun gjaldskrár árið 2019 sem lögð var fyrir velferðarráð þann 17. ágúst 2018 miðaði hækkun á greiðslum til stuðningsfjölskyldna við verðlagsforsendu 2,9%. Ef miðað er við launaforsendu við gerð fjárhagsáætlunar yrði hækkun þess í stað um 1,2%, en kjarasamningar eru flestir lausir á næsta ári og mun launaforsendan því taka breytingum þegar niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir. Ef miðað væri hins vegar við þróun launavísitölu sl. 12 mánuði yrði hækkun um 6%. Kostnaðarauki við 6% hækkun í stað 2,9% er áætlaður um 6 mkr. árið 2019 sem ekki er gert ráð fyrir í fyrirbyggjandi fjárheimildum.